

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir tækifæri til þess að gefa umsögn um úttekt Innri endurskoðunar á þjónustumiðstöðum og hverfisráðum.

Þjónustumiðstöðvar:

Hverfisráð Hlíða tekur undir margt það sem fram kemur í niðurstöðum úttektar IE í „Valkosti II“ varðandi framtíðar hlutverk Þjónustumiðstöðva í Reykjavík. Við teljum að það gæti verið heillaskref að vikka út hlutverk þjónustumiðstöðva og að öll svið borgarinnar hafi snertiflöt við þjónustumiðstöðvar og öfugt að þjónustumiðstöð hafi snertiflöt við öll sviðin. Það myndi leiða til þess að upplýsingar og þjónusta á öllum sviðum væru nær íbúum og auðveldara að sækja sér bæði þjónustu og upplýsingar. Mikilvægt er að þjónustumiðstöðvar séu lifandi stofnanir og þeim gert kleyft að þróast með samfélagsgerðinni og þörfum íbúa.

Hugmynd um það að búa til eitt stórt fjölskyldusvið er áhugaverð og væri gott að sjá frekari útfærslu á því og skilgreina hvernig það myndi bæta þjónustu við íbúa.

Þegar rætt er um að skipta sviðinu í tvennt og að annar hluti væri þjónusta við fatlað fólk og aldraða skal minna á það að fatlað fólk er allskonar fólk og nýtir sér einnig þjónustu borgarinnar t.a.m sem foreldrar. Varðandi bókasöfnin þá hafa þau tekið miklum breytingum í takt við samfélagið og þær kröfur sem samfélagið gerir á nýtingu á þeim. Bókasöfnin sinna þjónustu á ólíkum sviðum menningarinnar í borginni og eru virkar miðstöðvar menningar. Forsendur þess að auka hverfistengingu við bókasöfnin er ekki endilega háð því að þau myndu heyra undir hverfa/borgarhlutumiðstöðvar. Skoða þyrfti sérstaklega kosti þess og vankanta að flytja bókasöfnin frá MOF til hverfamiðstöðva.

Hverfisráð:

Hverfisráð Hlíða tekur undir það sem fram kemur í niðurstöðum IE um Hverfisráð. Valkostur I er ekki nógu róttækur að okkar mati en þó betri en núverandi staða. Það er okkar skoðun að efla þurfi Hverfisráð almennt og gefa þeim meira vægi í stjórnkerfinu. Að bæta þurfi tengingu þjónustumiðstöðvar og hverfisráða við svið borgarinnar. Efla þarf frekar íbúalýðræði í hverfum og halda áfram að bæta samtal stjórnvalda við íbúa og auka verulega upplýsingaflæði og aðgengi að sviðum og kjörnum fulltrúum. Mikilvægt er að hafa skýra og sterka tengingu á milli Borgarstjórnar og Hverfisráða og að borgarfulltrúar sitji í hverfisráðum. Hverfisráðin þurfa að eiga tengiliði á öllum sviðum borgarinnar til þess að störf þeirra séu skilvirk. Okkur hugnast vel þær hugmyndir sem settar eru fram í Valkosti II.

Fulltrúar hverfisráða hafa lengi vel kallað eftir breytingum á ráðunum og teljum þær löngu tímabærar.